


# VEÐ

FRÍÐJUDAGUR 17. DESEMBER 2019

Heilsa



Það stýttist í hátíð með tilheyrandi veislumat. Væri ekki upplagt að vera á hversdagsnótum dagana fyrir jól og elda eitthvað létt og þægilegt? Hér koma þrjár tillögur að hversdagsmat. ➔6



Gilbert Ólafur Guðjónsson úrsmiður segir að það sé alltaf gaman í vinnunni og viðskiptavinir eiga kost á að sjá hann að störfum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Fagmaður í yfir 50 ár

Gilbert úrsmiður hefur hvatt til bættrar verslunar og þjónustu efst á Laugavegi. Persónuleg þjónusta og góð vöruhefning er aðalsmerki hjá honum. ➔2



## Framhald af forsiðu →

Ég byrjaði að læra úrsmíði árið 1967. Ég hef rekið úrverslanir á nokkrum stöðum en er búinn að vera hér á Laugaveginum í tæp 40 ár. Hér er mjög gott að vera, og verslunin hérna gengur vel. Við sjáum það ekki síst í íslensku úrunum sem við hönnum og framleiðum sjálfir,“ segir Gilbert Ólafur Guðjónsson úrsmíður sem rekur verslunina Gilbert úrsmíður að Laugavegi 62. „Mín vinna er hobbýið mitt í leiðinni. Þannig að þegar ég fer í vinnuna á morgnana þá er ég að fara að stunda hobbýið mitt. Það er mikill munur að fara í vinnuna til að skemmta sér. Í vinnunni er bara gaman.“

## Vönduð vinnubrögð

Gilbert og félagar hanna og framleiða sjálfir vinsæl og vönduð úr undir merkjunum JS Watch co. Reykjavík og ARC-TIC Iceland, en JS úrin eru öll mjög sigild hönnun með mekanískum, handtrekktum eða sjálftrekktum gangverkum, á meðan ARC-TIC Iceland úrin eru með svissneskum Quartz gangverkum. Úrin eru sett saman fyrir framan viðskiptavininn. „Við erum eina íslenska úrafyrirtækið sem framleiðir og setur saman úr. Síðustu fimmtán árin höfum við boðið upp íslensk úr sem við hönnum sjálfir frá a til ö. Við framleiðum parta í verksmíðjum í Þýskalandi og Sviss og setjum svo úrin saman hérna í höndunum.“

Frá upphafi framleiðslunnar hefur verið leitast við að sameina, glæsilega hönnun, gæði, fyrsta flokks úrverk og falleg armbönd. Vönduð úr eru munaðarvara og fylgihlutir sem bæði karlmenn og konur njóta þess að velja, bera og eiga. En úr er ekki bara skartgripur. Það er nytjahlutur sem hjálpar okkur að gegna skyldum okkar, halda loforð og skapa góðar minningar.“

## Dýrmætar stundir

Gilbert segir andrúmsloftið á Laugaveginum í aðdraganda jólaanna einstakt en það að ganga niður Laugavegin og skoða í glugga er í hugum margra órjúfanlegur hluti af jóluunum. „Hinn eini sanni jólaandi er á Laugaveginum og fyrir marga koma jólin ekki fyrr en þeir hafa tekið jólagöngu niður Laugavegin,“ segir Gilbert. „Stemningin er alltaf jafn góð í miðbænum í aðdraganda jólaanna en síðustu ár hefur ferðamönnum sem taka þátt í jólagleðinni fjölgað verulega sem bara eykur á stemninguna í bænum.“

Það sé ekki síst á Þorláksmessu sem fólk geri sér ferð í bæinn. „Það sem aldrei breytist eru hefðirnar í kringum Þorláksmessu þar sem fólk fer í skótuveislur og nýtir síðan daginn fram á kvöld til að kaupa síðustu jólagjafirnar í einstakri Þorláksmessustemningu sem hefur haldist óbreytt í árána rás.“



Gilbert segir vönduð úr hafa margþætta þýðingu fyrir þá sem eignast eitt slíkt.



Fagmaðurinn er hér að störfum á verkstæði sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Gilbert úrsmíður býr yfir rúmlega 50 ára reynslu og tekur vel á móti fólki.

Frá upphafi framleiðslunnar hefur verið leitast við að sameina, glæsilega hönnun, gæði, fyrsta flokks úrverk og falleg armbönd.

## Sívinsæl jólagjöf

Erlendir ferðamenn streyma stöðugt til Gilberts úrsmíðs allan ársins hring en núna í jólamánuðinum fjölga mjög Íslendingum í leit að jólagjöfum. Þar býður Gilbert alveg einstakan kost, hin vönduðu og rómuðu ARC-TIC Iceland úr sem kosta frá 29.900 krónum. „ARC-TIC Iceland Retro línan hefur verið mjög vinsæl og er með afar fallegri sigildri hönnun

fyrir bæði dómur og herra og fylgir leðuról með úrinu ásamt nato-ól í íslensku fánalitunum, einnig er hægt að fá þau með stálkeðjum.“

Gilbert segir að ARC-TIC Iceland úrin séu mjög vinsæl núna jafnt meðal Íslendinga sem útlendinga en hér er klárlega á ferðinni afar góð jólagjöf á sanngjörnu verði. „Nýlega voru kynnt ný mólél í bæði JS úrunum og ARC-TIC Iceland úrunum og hefur úrvalið því aldrei verið meira en nú. Nánari upplýsingar um úrin og hönnunina má finna á [www.gilbert.is](http://www.gilbert.is) og í verslun okkar á Laugavegi 62 þar sem við tökum vel á móti viðskiptavinum.“

Gilbert úrsmíður er til húsa á Laugavegi 62, 101 Reykjavík. Opíð verður frá 10 á morgnana og fram á kvöld síðustu daga fyrir jól.



Í verslun Gilberts er að finna einstakt úrval af vönduðum úrum.



Vönduð úr eru tilvalin í jólapakkann og gleðja örugglega viðtakandann.



ARC-TIC úrin eru einstaklega falleg.



Gilbert úrsmíður tekur á móti viðskiptavinum með bros á vör alla daga.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundnið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf  
Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, [elin@frettabladid.is](mailto:elin@frettabladid.is), s. 550 5761 | Hjördis Erna Þorgeirsdóttir | [hjordiserna@frettabladid.is](mailto:hjordiserna@frettabladid.is), s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, [oddurfreyr@frettabladid.is](mailto:oddurfreyr@frettabladid.is), s. 550 5768 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, [sandragudrun@frettabladid.is](mailto:sandragudrun@frettabladid.is), s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, [thordisg@frettabladid.is](mailto:thordisg@frettabladid.is), s. 550 5768

Sölvumenn: Arnar Magnússon, [arnarm@frettabladid.is](mailto:arnarm@frettabladid.is), s. 550 5652, Atli Bergmann, [atli@frettabladid.is](mailto:atli@frettabladid.is), s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, [jonivar@frettabladid.is](mailto:jonivar@frettabladid.is), s. 550 5654, Jóhann Waage, [johannaage@frettabladid.is](mailto:johannaage@frettabladid.is), s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, [ruth@frettabladid.is](mailto:ruth@frettabladid.is), s. 694 4103.